

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 118/2002**

**frá 27. september 2002**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2002 frá 25. júní 2002 <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/746/EB frá 17. október 2001 um viðbótarábyrgðir, að því er varðar Aujeszky-veiki, á svínunum sem senda á til tiltekinn hluta yfirráðasvæðis Þýskalands og um breytingu á ákvörðunum 93/24/EBE, 93/244/EBE og 2001/618/EB <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/808/EB frá 14. nóvember 2001 um breytingu á ákvörðun 2001/296/EB að því er varðar skrá yfir viðurkenndar rannsóknarstofur sem kanna áhrif bólusetningar gegn hundaeði á tiltekin húsdýr sem eru kjötætur <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/867/EB frá 3. desember 2001 um breytingu á tilskipun ráðsins 90/539/EBE að því er varðar heilbrigðisvottorð vegna viðskipta innan bandalagsins með alifugla og útungunaregg <sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/905/EB frá 18. desember 2001 um að samþykkja áætlun, sem Belgía og Holland hafa lagt fram, um að útrýma Aujeszky-veiki varðandi viðbótarábyrgðir á svínunum sem senda á til yfirráðasvæðis Belgíu og Hollands og um breytingu á ákvörðunum 93/244/EBE og 2001/618/EB <sup>(5)</sup> skal felld inn í samninginn.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 266, 3.10.2002, bls. 22 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 49, 3.10.2002, bls. 14.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 278, 23.10.2001, bls. 41.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 305, 22.11.2001, bls. 30.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 323, 7.12.2001, bls. 29.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 335, 19.12.2001, bls. 22.

6) Ákvörðun þessi á hvorki við um Ísland né Liechtenstein.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

I. kafla I. viðauka við samninginn skal breytt eins og tilgreint er í viðauka við þessa ákvörðun.

*2. gr.*

Texti ákvarðana 2001/746/EB, 2001/808/EB, 2001/867/EB og 2001/905/EB á norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. september 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 27. september 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*Gunnar Snorri Gunnarsson*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes      M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**VIÐAUKI**  
**við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/2002**

I. kafla I. viðauka við samninginn skal breytt eins og tilgreint er hér að neðan.

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 4. lið (tilskipun ráðsins 90/539/EBE) í hluta 4.1 og í 3. lið (tilskipun ráðsins 90/539/EBE) í hluta 8.1:  
  
„- **32001 D 0867:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/867/EB frá 3. desember 2001 (Stjtið. EB L 323, 7.12.2001, bls. 29).“
  
2. Eftirfarandi bætist við í 64. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/618/EB) í hluta 4.2:  
  
„, eins og henni var breytt með:  
  
- **32001 D 0746:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/746/EB frá 17. október 2001 (Stjtið. EB L 278, 23.10.2001, bls. 41).“
  
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 64. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/618/EB) í hluta 4.2:  
  
„- **32001 D 0905:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/905/EB frá 18. desember 2001 (Stjtið. EB L 335, 19.12.2001, bls. 22).“
  
4. Eftirfarandi bætist við í 62. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/296/EB) í hluta 4.2:  
  
„, eins og henni var breytt með:  
  
- **32001 D 0808:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/808/EB frá 14. nóvember 2001 (Stjtið. EB L 305, 22.11.2001, bls. 30).“
  
5. Eftirfarandi liður komi aftan við 50. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/576/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 4.2:  
  
„51. **32001 D 0905:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/905/EB frá 18. desember 2001 um að samþykkja áætlun, sem Belgía og Holland hafa lagt fram, um að útrýma Aujeszky-veiki varðandi viðbótarábyrgðir á svínum sem senda á til yfirráðasvæðis Belgíu og Hollands og um breytingu á ákvörðunum 93/244/EBE og 2001/618/EB (Stjtið. EB L 335, 19.12.2001, bls. 22).“

